

TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK APRÍL 2007

skattur.is



**Nýr þjónustuvefur
skattstjóra**

**Einfaldleiki og skýrar
boðleiðir...**

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri



**Styrkurinn felst í góðu
starfsfólki**

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri



Megineinkenni skattalöggjafarinnar

Unnar Steinn Bjarndal

Gleðilegt sumar! 

Ný stefnumörkun....

Stofnanir skattyfirvalda setja sér markmið á sama hátt og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem vilja ná góðum árangri í sínum störfum. Á undanförnum áratugum hafa skattyfirvöld reglulega yfirfarið, metið og skilgreint hvert skuli vera markmið þeirra. Ávallt hefur niðurstaðan verið hin sama – lögbúið verkefni skattyfirvalda er að tryggja réttar skattákvæðanir í samræmi við gildandi rétt á hverjum tíma og markmiðið hlýtur því að vera að ná sem bestum árangri í því að framfylgja lögum og tryggja réttan skatt – hvorki meira né minna.

Leiðir að þessu verðuga markmiði hafa á hinn bóginn ekki ætíð verið jafn skýrar og áherslur verið með mismunandi hætti. Þekkt leið er að herða eftirlitið og fara með fleiri mál fyrir dóm í því skyni að auka fælingarmátt gegn skattsvikum.

Önnur þekkt leið er að auka þjónustu, m.a. með því að veita ítarlegri og nákvæmari leiðbeiningar, gera gjaldendum auðveldara að standa skil á skýrslum, og einfalda framtalsgerð t.a.m. eins og gert hefur verið hér á landi með rafrænum skattskilum.

Þriðja leiðin í þessu samhengi er aukinn áróður og meiri fræðsla um ráðstöfun skattfjár í almannabágu. Með öðrum orðum að auglýsa í hvað skattfé almennings rennur og vara við að undanskot frá skatti séu stunduð.

Jafnvægi þarf að vera á milli góðrar þjónustu og virks skatteftirlits og leiðir að settum markmiðum þurfa að vera sambland af þessum þremur leiðum sem að framan er lýst. Gjaldandinn á að geta treyst því að hann fái rétta álagningu í samræmi við gildandi lög. Á sama tíma þarf einnig að gæta þess jafnræðis að það séu ekki einhverjir sem geti komið sér hjá skattlagningu með því að virða ekki leikreglurnar.

Nýtt fólk tók við stöðum ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra um síðustu áramót. Það er því nokkuð ljóst að áherslur skattyfirvalda munu verða teknar til endurmats. Ný stefnumörkun um starfshætti við skattlagningu hlýtur að verða eitt af stærri verkefnum á komandi misserum sem skattyfirvöld munu standa að. Þar yrðu áherslur skilgreindar og leiðir markaðar til að tryggja bætt skattskil almennings og fyrirtækja í landinu. Þar mun góð þjónusta, skilvirkt eftirlit, aukin fræðsla, meiri sjálfvirkni, jafnræði og síðast en ekki síst meðalhóf stjórnvalda, verða lykilhugtök í því vandasama verkefni að tryggja að skattskil séu rétt og í samræmi við lög.

Skúli Eggert Þórðarson

EFNISYFIRLIT

2 Leiðari

4 Einfaldleiki og skýrar boðleiðir

Viðtal við Skúla Eggert Þórðarson

9 Nýir forstöðumenn RSK og SRS

10 Styrkurinn felst í góðu starfsfólki

Viðtal við Bryndísi Kristjánsdóttur

13 EDI-bikarinn

14 www.skattur.is

Nýr og aðgengilegur þjónustuvefur skattstjóra

16 Megineinkenni skattalöggjafarinnar

Unnar Steinn Bjarndal

19 Rafrænar umsóknir um skattkort

20 Söluhagnaður hlutabréfa - flækjur í framtalsgerð

21 Bifreiðahlunnindi aðgengileg á rsk.is

22 Tækni og vit 2007 Myndir frá sýningunni

23 Hagræðing og endurskipulagning

Nýtt þróunarsvið tekur til starfa hjá ríkisskattstjóra

24 Af vettvangi skattaréttar

28 Hvað les skattavölvan úr skattstofninum

Einfaldleiki og skýrar boðleiðir

Í blaðinu er viðtal við nýskipaðan ríkisskattstjóra, en Skúli Eggert Þórðarson tók við embættinu um síðustu áramót. Fróðlegt að sjá hvaða framtíðarsýn hann hefur fyrir skattakerfið.

Viðtalið er á bls. 4.

Styrkurinn felst í góðu starfsfólki

Bryndís Kristjánsdóttir lögfræðingur hefur starfað fyrir skattyfirvöld um árabíl og um síðustu áramót tók hún við embætti skattrannsóknarstjóra af Skúla Eggert Þórðarsyni.

Viðtal við Bryndísi er á bls. 10.

www.skattur.is

Þann 1. mars sl. opnaði fjármálaráðherra nýjan vef , www.skattur.is. Þessum nýja vef er ætlað að auðvelda og einfalda aðgengi gjaldenda að rafrænum samskiptum við skattstjóra.

Sjá bls. 14.

Megineinkenni skattalöggjafarinnar

Hér er á ferðinni afar fróðleg grein sem er þriðja og síðasta greinin sem birt er eftir Unnar Stein Bjarndal lögfræðing þar sem hann skoðar skattasöguna frá sjónarhorni réttarheimsspekinnar.

Grein hans er á bls. 16.

Hvað segir skattavölvan

Enn rýnum við í tölur og að þessu sinni erum við í alvöru farin að spá.

Sjá bls. 28.

TÍUND

Ríkisskattstjóri I
Laugavegi 166 I 150 Reykjavík
sími: 563 1100 I fax: 562 4440
rsk@rsk.is I www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 1. TÖLUBLAÐ · 21. ÁRGANGUR · PRENTAÐ Í 2200 EINTÖKUM

ÚTGEFANDI: RSK
ÁBYRGÐARMAÐUR: SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR
PRÓFÖRK: HREFNA EINARSDÓTTIR, INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR
LJÓSMYNDIR: BRAGI L HAUKSSON, HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.
HÖNNUN OG UMBROT: LOGI HALLDÓRSSON
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VÍÐEY

FJÖLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

Einfaldleiki og skýrar boðleiðir ...

Nýskipaður ríkisskattstjóri í viðtali



Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri

Skúli Eggert Þórðarson var skipaður til að gegna embætti ríkisskattstjóra frá síðustu áramótum, en Indriði H. Þorláksson lét af störfum 30. september 2006 eftir að hafa gegnt því í tæp átta ár. Ingvar J. Rögnvaldsson gegndi embætti ríkisskattstjóra frá 1. október til 31. desember 2006. Skúli Eggert er ekki að koma nýr að skattamálunum eins og flestum er eflaust kunnugt, en hann hefur gegnt mikilvægum störfum fyrir skattkerfið um árabil og átt stóran þátt í að leggja grunninn að því skattakerfi sem við búum við í dag. Hann var skattrannsóknarstjóri á árunum 1993 – 2006 og þar áður var hann vararíkisskattstjóri á árunum 1990 – 1993. Hér fer á eftir viðtal við Skúla þar sem hann lítur fram á veginn, en við byrjum samt á því að rifja upp fyrri störf hans.

Það má segja að ég hafi varið stærstum hluta starfsævinnar hingað til við störf hjá skattyfirvöldum. Á námsárunum 1975 – 1980 var ég rannsóknarlögreglumaður hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og svo kennari einn vetur. Eftir að ég lauk lögfræðiprófi frá HÍ 1981 réðst ég til starfa á skattstofunni í Hafnarfirði þar sem ég hóf minn starfsferil í skattkerfinu. Fyrst var ég þar í einstaklingsframtölum en síðan í atvinnurekstrinum. Það var mjög fróðlegt að starfa á skattstofunni og hef ég raunar búið að því alla tíð. Eftir rúmlega tveggja ára starf þar var ég ráðinn til ríkisskattstjóra í rannsóknardeildina sem Garðar Valdimarsson stýrði en hann var þá skattrannsóknarstjóri.

Þegar Garðar tók við starfi ríkisskattstjóra árið 1986 fylgdi ég honum úr rannsóknardeildinni og tók að mér fjármála- og rekstrarstjórn ríkisskattstjóraembættisins. Fljótlega kom í ljós að yfirvofandi voru meiri breytingar í tekjuöflun ríkisins heldur en menn höfðu reiknað með. Staðgreiðsla opinberra gjalda skall á okkur með litlum fyrirvara og við höfðum aðeins rétt um 9 mánuði til að undirbúa stærstu breytingu í skattamálum frá upphafi. Við Garðar sáum strax að lykilmaðurinn í þessu starfi yrði Jón Zóphóníasson sem þá starfaði hjá Skýrr. Ég fékk það verkefni að ná honum heim aftur og það tókst. Við þremmingarnir með ómetanlegum liðstyrk allra annarra starfsmanna ríkisskattstjóra og lykilstjórnenda Skýrr, gátum stýrt þessu verkefni í höfn. Tveim árum síðar var virðisaukaskatturinn tekinn upp og í kjölfarið tryggingagjaldið. Þannig var öllum megin tekjuöflunarkerfum ríkis og sveitarfélaga breytt á þrem árum.

Þegar Ævar Ísberg lét af starfi vararíkisskattstjóra á árinu 1990 var ég skipaður í það starf og um leið var það mat okkar að staðgreiðslan væri orðin það föst í sessi að staðgreiðsludeildin var lögð niður og sameinuð skattadeildinni sem þá var meginstoð embættisins.

Snemma árs 1993 var embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins stofnað og það varð úr að ég tók við embætti skattrannsóknarstjóra sem Guðmundur Guðbjarnason hafði gegnt frá árinu 1986. Hjá embætti skattrannsóknarstjóra voru mörg krefjandi verkefni á þeim árum sem ég starfaði þar.

Á síðasta sumri fékk ég síðan boð um að mæta hjá Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra og Baldri Guðlaugssyni ráðuneytisstjóra hans. Erindi þeirra var að kanna hvort ég gæti hugsað mér að taka við embætti ríkisskattstjóra og þess vegna er ég hingað kominn aftur eftir langa fjarveru.

Hvernig er svo að koma aftur eftir 14 ára hlé?

Það er auðvitað afskaplega ánægjulegt að hitta gamla félagi sem hér hafa staðið vaktina allan þann tíma og sumir jafnvel í áratugi. Mér hefur þótt vænst um að finna hlýhug þeirra. Hins vegar er embættið talsvert öðruvísi uppbyggt en áður var og áherslur nú að sumu leyti framandi.

Þá mun ég leggja mig fram um að eiga farsælt samstarf við hagsmunaaðila atvinnulífsins og fagaðila við framtalsskil

Ég er því enn að kynnast starfseminni og þeim starfsmönnum sem ég þekkti ekki fyrir og þeir eru reyndar býsna margir.

Með nýjum stjórnanda fylgja oft nýjar áherslur. Megum við eiga von á áherslubreytingum nú þegar þú hefur tekið við sem ríkisskattstjóri?

Alveg örugglega. Það er eðlilegt og sjálfsagt að reglulega séu áherslur stofnunar endurskoðaðar og með nýjum stjórnendum er slíkt óhjákvæmilegt. Hið lögbundna hlutverk embættisins á ætíð að skipta mestu í störfum þess og verður stöðugt að vera í brennidepli. Auk stefnumörkunar og samræmingar skattframkvæmdar er t.a.m. ástæða til að leggja talsverðan þunga í að afgreiða mál hraðar en verið hefur og innan þeirra tímamarka sem embættinu eru sett lögum samkvæmt. Þá mun ég leggja mig fram um að eiga farsælt samstarf við hagsmunaaðila atvinnulífsins og fagaðila við framtalsskil. Í því felst ekki

endilega að menn séu sammála um alla hluti en reglulegir samráðsfundir og samtöl er sjálfsögð þjónusta við þá mikilvægu aðila í skattalegu tilliti. Gagnlegar umræður skipta þessa aðila miklu en auðvitað verðum við einnig að hafa í huga að embættið getur aldrei verið milli-gönguaðili um breytingar lagalegs eðlis. Slíku verður að beina til réttra aðila.

Gerðar hafa verið miklar breytingar á skattastjórnsýslu í nágrannalöndum okkar - sérðu eitthvað svipað fyrir þér hér á landi?

Það er rétt að í sumum nágrannalöndum hafa verið gerðar breytingar á uppbyggingu stofnana og því hefur verið haldið fram af fyrrverandi ríkisskattstjóra að það ætti einnig að gera breytingar á stofnanauppbyggingu skattkerfisins hérlandis. Enda þótt við Indriði séum skoðanabráður um margt erum við ekki sammála um þetta. Frá mínum bæjardyrum séð skiptir ekki öllu máli hvernig stofnanaskipulag skattkerfisins er uppbyggt, svo framarlega að verkefni séu unnin og á þann hátt sem lög gera ráð fyrir. Þar að auki er náíð samstarf á milli fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra um skattframkvæmdina og ekki

þörf á breytingum af þeirri ástæðu. Þá stendur samstarf skattstjóra og ríkisskattstjóra á nær hálfrar aldar styrkri stoð sem ég sé enga þörf á að raska, enda sé þess gætt að verkefni séu unnin á hagkvæman hátt. Þótt nágrannalöndin hafi verið að breyta sinni skattastjórnsýslu eru aðrar aðstæður og annars konar þarfar sem þar ráða för. Ákvörðun um skipulag skattkerfisins er auðvitað fyrst og síðast stjórnmálalegs eðlis og ber að taka af þar til bærum aðilum.

Eru einhver sérstök verkefni eða forgangsroðun verkefna sem þú vilt koma í framkvæmd fljótlega?

Auðvitað er meginverkefni ríkisskattstjóra og skattstjóra að sjá til þess að skattskil almennings og fyrirtækja í landinu séu sem réttust. Það hlýtur að vera aðalmarkmiðið enda hefur kjörorð ríkisskattstjóra löngum verið „réttur skattur“. Þar held ég að nánara samstarf skattstjóra og ríkis-



Þessi mynd var tekin á skattstjórafundi sem haldinn var 12. janúar 2007, eða fyrsta fundinum sem Skúli Eggert hélt með skattstjórum eftir að hann tók við embætti. Á myndinni eru frá vinstri: Bryndís Kristjánsdóttir, Skúli Eggert Þórðarson, Guðrún Björg Bragadóttir, Karl Lauritzson, Gunnar Karlsson, Bogi Sigurbjörnsson, Sigmundur Stefánsson, Ingi Tómas Björnsson, Stefán Skjaldarson og Gestur Steinþórsson.

skattstjóra við skattframkvæmdina sé mjög mikilvægt.

Stærsta áfanganum í að auka þjónustu var án efa náð með upptöku rafrænna framtalsskila og ég er mjög hrifinn af því hvernig þau hafa þróast frá árinu 1999. Notendaviðmótið er alveg til fyrirmyndar og sú vinnsla öll með miklum ágætum. Veit ég að þar hafa margir starfsmenn ríkisskattstjóra lagt nótt við dag í bókstaflegri merkingu. Fyrir þetta ber sérstaklega að þakka því að mínu mati er veigamesti þátturinn í að auðvelda gjaldendum framtals- og skattskil að auka sjálfs-afgreiðslu á sem flestum sviðum.

Aukin sjálfvirkni og betri upplýsingar skapa nýjar forsendur til framfara á ýmsum sviðum og nefni ég þar til dæmis sívinnslu skattframtala sem eitt af stóru málunum sem við hljótum að taka til alvarlegrar skoðunar á næstunni. Þá hefur áritun framtala auðveldað gjaldendum framtals-skilinn verulega síðustu ár en stærsta verkefnið á næstu árum er síðan vitaskuld að ganga enn lengra. Í mörgum tilvikum mættum við alveg sleppa gjaldendum við þá fyrirhöfn sem felst í því að skila skattframtali, m.ö.o. útbúa skattframtal að öllu leyti fyrir gjaldandann. Við Sigmundur Stefánsson skattstjóri Reykjanessumdæmis ásamt Jóni Zóphoniássyni

höfðum raunar á sínum tíma hafið undirbúning að því verkefni og kynntum okkur m.a. í því skyni starfshætti skatt-yfirvalda erlendis, hvað þetta varðar. Slíkt verkefni mun auðvitað taka mið af þeim

Auðvitað er meginverkefni ríkisskattstjóra og skattstjóra að sjá til þess að skattskil almennings og fyrirtækja í landinu séu sem réttust

tækniframförum sem verið hafa á sviði rafrænna framtalsskila.

Hvað með samstarf við skattstjóra og aðrar stofnanir skattfyrivalda?

Það er reyndar svo að ég hef alla tíð átt náið og gott samstarf við skattstjóra og hef ekki trú á öðru en svo verði áfram. Ég veit það einnig að þeir starfsmenn ríkisskattstjóra sem eru í mestum samskiptum við skattstjóra upplifa samstarfið sem árangursríkt og ánægjulegt. Þó mikilvægt

sé að verkefnaskipti skattstjóra og ríkisskattstjóra séu skýr er æskilegt að skatt-yfirvöld komi í ríkari mæli fram sem heild gagnvart gjaldandanum. Í því sambandi vil ég nefna að rafræn skattskil almennings hafa hingað til öll verið um vef ríkisskattstjóra. Það er fyrir-komulag sem ég tel tímabært að endurskoða enda er gjaldendum ætlað lögum samkvæmt að skila framtölum til skattstjóra. Það er fyrst og fremst hugmyndin sem liggur að baki nýjum þjónustuvef skattstjóra www.skattur.is og draga þannig úr þætti ríkisskattstjóra. Fyrir gjaldandann skiptir engu við hvern hann talar og er skattur.is þannig sameiginlegt andlit skatt-yfirvalda gagnvart gjaldandanum við framtalsskil.

Þá held ég að mikilvægt sé að samstarf innheimtumanna og skattstjóra sé sem mest. Við Snorri Olsen tollstjóri, sem reyndar gegndi embætti ríkisskattstjóra á árunum 1995 – 1997, höfum verið miklir vinir í mörg ár og það mál hefur verið ítarlega rætt af okkur. Höfum við mikinn metnað til þess að áætlanir gjaldstofna verði raunhæfar og innheimta opinberra gjalda og skattákvörðun verði tengdari þannig að gjaldendur sem lenda út af sporinu verði leiddir inn á rétta braut. Þá veit ég að samstarf embætta ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra mun verða

gott. Í undirbúningi er að koma á vinnuhópi til að skerpa á hvenær vísa skuli máli til skattrannsóknarstjóra og við hvaða aðstæður. Í þessu samhengi eru einnig vangaveltur um hvort ástæða sé til þess að skattstjórar annist endurákvörðun í þeim málum sem þeir hafa vísað til meðferðar skattrannsóknarstjóra. Ég hef svo sem ekki miklar áhyggjur af þessu, veit að þar verður farsæl lausn fundin. Við Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri höfum átt farsælt samstarf undanfarin ár og þar fer öflugur embættismaður.

Nú var skattrannsóknarstjóri valinn stofnun ársins 2006. Hver er lykillinn að slíkum árangri og megum við vænta einhvers ámóta hvað ríkisskattstjóra varðar?

Já mér þótti mjög vænt um þá tilnefningu, ekki síst í ljósi þess að þar voru starfsmennirnir sjálfir að velja en ekki nefnd utanaðkomandi aðila. Embætti skattrannsóknarstjóra er í sjálfu sér tiltölulega nýlegt embætti og ég hafði verið þar við stjórnvölinn í rúman áratug þegar þessi tilnefning kom til. Starfsandinn er því mikið til mótaður á síðustu árum og tekur mið af þeim áherslum sem ég hef í stjórnun. Þar legg ég mikið upp úr einfaldleikanum og að deila valdi stjórnandans. Þá skiptir miklu að líðan starfsmanna sé góð á vinnustaðnum. Þar hafa fjölmargir þættir áhrif, verkefni sem unnið er að, jákvætt viðmót starfsfélaga til hvers annars, hjálpssemi og liðlegheit, starfsaðstaðan og eðlileg laun. Það var reyndar mín reynsla að launin höfðu ekki eins mikil áhrif og sumir vilja vera láta og voru alls ekki í fyrsta sæti. Verkefni, starfsfélagar og stjórnun hefur almennt séð mun meira að segja en hvort launin séu einhverjum krónum hærri eða lægri. Við verðum þannig að hafa hugfast að vinnustaðurinn er samfélag fólks og það líður engum vel ef deilur eru á milli samstarfsmanna. Þess vegna lagði ég mikla áherslu á að ágreiningur á vinnustað yrði leystur á uppbyggilegan hátt. Með þeim hætti urðu starfsmenn samrýmdari og náðu betri árangri. Í þessu samhengi er það heildarárangur stofnunarinnar sem skiptir máli og þess vegna verða menn að vinna



Frá skattstjórufundi í janúar. Bryndís Kristjánsdóttir, Guðrún Björg Bragadóttir og Hrefna Einarsdóttir.

saman. Það er alltof víða á vinnustöðum sem einhvers konar naumhyggja er ríkjandi varðandi persónulegar þarfir starfsmanns. Mín reynsla er sú að ef maður reynist starfsmanni vel og kemur til móts við hann varðandi frí og ýmsar frátafir vegna einkamála, þá komi slíkt margfalt til baka aftur í duglegri og áhugasamari starfsmanni. Langmestu máli skiptir að starfsmaðurinn sé áhugasamur um þau verkefni sem honum eru falin. Ég er einnig þeirrar skoðunar að menn

Þó mikilvægt sé að verkefnaskipti skattstjóra og ríkisskattstjóra séu skýr er æskilegt að skattfyrvöld komi í ríkara mæli fram sem heild gagnvart gjaldandanum

ættu að taka upp fastlaunasamninga í meira mæli en nú er og menn komist út úr þessari yfirvinnumenningu sem víða er ríkjandi hjá stofnunum. Starfsmaður sem er á föstum launum skipuleggur sig yfirleitt betur en ella.

Hefur þú í hyggju að gera skipulagsbreytingar innan ríkisskattstjóra?

Í mínum huga skiptir mestu að þau verk sem embættinu er ætlað að sinna lögum

samkvæmt, séu unnin á skynsamlegan hátt í samræmi við vandaða stjórnsýslu. Ef það er gert og afköst ásamt starfsháttum eru eins og ætlast er til, er minna atriði hvernig málum er formlega skipað. Skipurit er reyndar aðeins verkfæri sem við notum á leið okkar að markmiðum. Einfaldleikinn skiptir þar mestu, skýrar boðleiðir og að menn fari ekki að setja upp flókið skipulagsferli sem gæti flækst fyrir. Það getur vel verið að hér þurfi eitthvað til að skerpa á og það verður þá gert. Núna finnst mér skipta mestu að móta störf embættisins með mínum nánustu samstarfsmönnum. Við Ingvar vararíkisskattstjóri höfum þekkt í áratugi og á milli okkar hefur löngum verið þráður gagnkvæmrar virðingar og vinsemdar. Reyndar gerðum við Ingvar þá skipulagsbreytingu í upphafi ársins að stofna þróunarsvið sem Jens Þór Svansson stýrir, gamall samstarfsmaður minn frá skattrannsóknarstjóraembættinu og áður ríkisskattstjóra. Þá er að koma til liðs við yfirstjórnina nýr forstöðumaður sem er Guðrún Jenný Jónsdóttir. Ég vænti mikils

af samstarfi við hana og allt þetta góða fólk hjá embættinu og annars staðar innan skattkerfisins.

Það eru spennandi og áhugaverð verkefni framundan í skattamálunum sem ég hlakka til að takast á við.

Leiðbeiningar um **vefskil** **virðisaukaskatts**

ER AÐ FINNA Á VEF RÍKISSKATTSTJÓRA

Á SLÓÐINNI **rsk.is/vefskil/vsk**

Vefskil
VIRÐISAUKASKATTS
OG STAÐGREIÐSLU
UPPLÝSINGAR UM RAFRÆN SKIL



engar biðraðir
... engin tímapressa
enginn pappír ...
... auðvelt að greiða
auðvelt að muna ...
... einfaldar bókhaldið
einföld skil ...

**Hvernig
er sótt um
vefskil?**

**Hvernig er
gengið frá
greiðslu?**


**Hvernig er
skýrslunni
skilað?**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

EINNIG MÁ HRINGJA TIL RÍKISSKATTSTJÓRA Í SÍMA 563-1100

OG ÓSKA EFTIR AÐ FÁ LEIÐBEININGARNAR SENDAR Í PÓSTI

Nýir **forstöðumenn** hjá **RSK og SRS**



Jens Þór Svansson er 43 ára viðskiptafræðingur frá HÍ og cand merc. frá Viðskiptaháskólanum í Árósum, Danmörku. Hann hóf störf hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra á árinu 1989 og síðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins 1993. Hann varð forstöðumaður hjá skattrannsóknarstjóra árið 2001 og var staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 2005. Hann varð forstöðumaður þróunarsviðs RSK frá 1. janúar 2007.



Guðrún Jenný Jónsdóttir er 36 ára lögfræðingur frá HÍ. Hún starfaði á lögmannsstofu frá námslokum 1997 um tveggja ára skeið. Hún hóf störf hjá skattstofu Reykjaness-umdæmis 1999 en kom til starfa hjá RSK á árinu 2000. Hún hefur verið deildarstjóri frá 2001. Hún varð forstöðumaður réttarsviðs RSK 1. apríl 2007.



Theodóra Emilsdóttir er 36 ára lögfræðingur frá HÍ en stundaði áður nám í Danmörku í viðskiptaháskóla. Hún starfaði á lögmannsstofu áður en hún hóf laganám. Hún hóf störf hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sem yfirlögfræðingur árið 2003. Hún varð forstöðumaður lögfræðiskrifstofu SRS frá 1. janúar 2007.



Gunnar Thorberg Kristjánsson er 47 ára viðskiptafræðingur frá WWC í Washington DC. Hann hóf störf hjá rannsóknardeild RSK 1988 og hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins 1993. Hann varð verkefnastjóri árið 1997 og forstöðumaður rannsóknarskrifstofu SRS og jafnframt staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1. janúar 2007.

Styrkurinn felst í góðu starfsfólki

Bryndís Kristjánsdóttir nýskipaður skattrannsóknarstjóri

Bryndís Kristjánsdóttir hefur verið skipuð skattrannsóknarstjóri ríkisins og tók við því embætti um síðustu áramót af Skúla Eggerti Þórðarsyni sem hafði gegnt því frá stofnun þess eða frá því á árinu 1993. Bryndís lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands 1993 og MBA námi við Edinborgarháskóla 1999. Bryndís er gift Júlíusi Smára lögfræðingi og eiga þau tvö börn.



Bryndís ásamt nýskipuðum forstöðumönnum, þeim Theodóru Emilsdóttur og Gunnari Thorberg Kristjánssyni.

Hvernig leggst nýtt starf í skattrannsóknarstjóra?

Það leggst afskaplega vel í mig og ánægjulegt að fá þetta tækifæri. Starfið er fjölbreytt og lifandi en um leið krefjandi og vandmeðfarið. Ég hef alltaf haft áhuga á skattarétti og ég tók það fag sem valgrein í Háskólanum, en það var ekki sérlega vinsælt fag í þá daga, þótt það sé orðið það í dag. Fljótlega eftir að ég lauk laganámi fór ég til starfa á skattstofuna á Akranesi. Þar voru mín fyrstu kynni af starfsemi skattfyrvalda. Ég var þar í virðisaukaskattsdeildinni og kynntist þar álagningarvinnu og eftirliti að einhverju leyti. Síðan réð ég mig til starfa hjá þessu embætti, fyrst sem rannsóknarmaður og síðar sem yfirlögfræðingur. Ég hafði lengi haft áhuga á að læra meira í viðskiptafræðum og ákvað því að fara til Skotlands í MBA nám. Ég fékk leyfi í eitt ár og kom því til baka að námi loknu. Fljótlega ákvað ég þó að breyta til og fór til starfa hjá fjármálafyrirtæki og síðar á lögmansstofu. Þar sinnti ég einkum skattarétti auk félagaréttar. Í byrjun árs 2005 kom ég aftur hingað og tók þá við starfi forstöðumanns lögfræðiskrifstofu og síðan við starfi skattrannsóknarstjóra um síðustu áramót. Það má því segja að það sem af er starfs-

ævinni hafi ég að mestu leyti starfað að skattamálum. Skattarétturinn er lifandi fag og síbreytilegt sem gerir það áhugavert.

Finnst þér eðli skattsvika hafa breyst frá því þú komst að þessu fyrst?

Já, ég tel það vera. Þótt fyrst og fremst sé um að ræða þessi hefðbundnu skattsvik sem við erum alltaf að glíma við, þ.e. að ekki er gerð grein fyrir öllum tekjum með því að sölureikningum eða öðrum gögn-

sem t.a.m. mál hafa komið upp á okkar borð tengd hinum svokölluðu aflandsfélögum. Fleiri mál en áður krefjast ríkari rannsóknarvinnu og getur oft á tíðum orðið flóknara að ná utan um slík mál. Aukin ráðgjöf sérfræðinga leiðir kannski eðli málsins samkvæmt til þess að látið er reyna á fleiri hluti en áður og þá kannski fleiri mál á hinu gráa svæði ef svo má segja. Almennt séð eiga mál þar sem deilt er um lagatúlkun ekki að sæta meðferð hjá skattrannsóknarstjóra. Það þarf því að fara

varlega í mál þar sem deilur eru uppi um efni lagabókstafsins. Þó geta skattfyrvöld og borgararnir að sjálf-sögðu haft á því mismunandi skoðanir hvort reglur séu óskýrar eða ekki. Mikilvægt er því í þessu sem mörgu öðru að hafa allar reglur eins skýrar og unnt er, bæði fyrir borgarana að fara eftir og ekki síður skattfyrvöld til að vinna eftir. Þetta er málaflokkur sem er í sífelldri þróun. Sífelldu eru kröfur auknar um hraða málsmeðferð jafnhliða auk-

um sönnunarkröfum. Er mikilvægt að reynt sé að koma til móts við þau sjónarmið eins og frekast er kostur. Mikil réttarbot varð þegar skattrannsóknarstjóra var fengin heimild til að ljúka minni málum með sekt í stað þess að þau sættu frekari meðferð hjá yfirkattaneftnd eða

„Fleiri mál en áður krefjast ríkari rannsóknarvinnu og getur oft á tíðum orðið flóknara að ná utan um slík mál“

um er haldið utan tekjuskráningar eða virðisaukaskattur svikinn úr ríkissjóði með einhverjum hætti. En vissulega er allt viðskiptaumhverfið orðið flóknara og aukin alþjóðaviðskipti hafa þar mikil áhrif. Við verðum eðli málsins samkvæmt líka vör við þetta í okkar starfsemi, þar

lögreglu. Það rúma ár sem liðið er frá því sú heimild fékkst hefur sýnt að þörf var á slíku úrræði og því hefur verið afskaplega vel tekið af skattaðilum, sem með því komast hjá frekari óþægindum auk þess sem meðferð máls tekur mun skemmri tíma en ella.

Við hvernig starfsumhverfi búa starfsmenn skattrannsóknarstjóra?

Starfsmenn embættisins eru nú 22 talsins. Flestir hafa lokið háskólagráðu í viðskiptafræðum eða lögfræði. Ég tel að hér sé vel búið að starfsfólki og starfsandinn er einstaklega góður. Margir starfsmanna hafa starfað hér lengi og hafa mikla reynslu af þessum störfum. Tel ég styrk stofnunarinnar fyrst og fremst felast í starfsfólkinu. Það tekur langan tíma að þjálfa upp rannsóknarmenn og þess vegna felast mikil verðmæti í reyndum starfsmönnum. Eins og allir þekkja er ásókn í hæft starfsfólk með þekkingu á skattfrankvæmd og skattarétti og er því að

mínu viti sérstaklega mikilvægt að kappkostað sé að búa þessu fólki samkeppnishæft umhverfi. Þó að sjálfsgöðu sé eðlilegt að sótt sé í hæft fólk má þekkingin ekki hverfa frá stofnunum. Verður hið opinbera að standa a.m.k. jafnfætis hinum almenna vinnumarkaði að því er varðar þekkingu á málaflöknum. Hér hafa nokkrir komið til starfa á ný eftir að hafa starfað annars staðar um hríð sem hlýtur að teljast jákvætt fyrir stofnunina.

Nú fer ekki hjá því að þetta embætti sé mikið í umræðunni og fái umfjöllun í fjölmiðlum. Hvernig finnst þér ímynd starfsins vera útávið?

Ég tel ímynd embættisins vera góða. Þetta er krefjandi málaflökkur og fyrir marga eru það þung spor að mæta til okkar. Því er mikilvægt að farið sé í mál af varúð en ekki offorsi. Tel ég að það hafi tekist vel. Sem lið í því tel ég afar mikilvægt að allra réttinda aðila sé gætt, hvort heldur er með aðgangi að verjanda, gögnum, að

andmælaréttar sé gætt o.s.frv. Ekki síður er mikilvægt að gætt sé að rétti þessara aðila til þess að um þeirra mál sé ekki rætt utan stofnunarinnar. Um mikilvæg einka- og fjárhagsmálefni er að ræða og þagnarskyldan því rík. Hefur alla tíð verið lögð á það mikil áhersla og verður svo áfram. Hinu skal þó ekki gleyma að grunur er uppi um refsiverð brot sem nauðsynlegt er að fái viðeigandi meðferð. Er aldrei auðvelt fyrir viðkomandi aðila að takast á við það.

Að lokum, hvernig gengur svo að samræma svona krefjandi starf fjölskyldulífinu?

Það gengur ágætlega með góðri skipulagningu. Rekstur heimilisins og uppeldi barnanna er sameiginlegt verkefni okkar hjónanna. Þá eigum við líka góða að sem hlaupa undir bagga þegar nauðsyn krefur. Hinn gullni meðalvegur er bestur í þessu eins og svo mörgu öðru.



EDI-bikarinn fyrir frábæran árangur í rafrænni stjórnsýslu

...síðustu forvöð að handleika gripinn

Árlega veitir IcePro EDI-bikarinn í verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á sviði rafrænna samskipta. Bikarinn er veittur því fyrirtæki, stofnun, verkefni eða lausn sem skarað hefur fram úr að mati dómnefndar.

Í febrúar 2006 hlotnaðist embætti ríkisskattstjóra sá heiður að vinna til þessara verðlauna og tók Indriði H. Þorláksson, þáverandi ríkisskattstjóri við bikarnum úr hendi Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ráðherra las upp úrskurð dómnefndar sem hljóðaði svo:

“Ríkisskattstjóri hefur á undanförunum árum verið leiðandi í rafrænni stjórnsýslu á Íslandi. Á síðustu árum hefur orðið bylting í skilum á skattframtölum og það sem

áður var leiðinleg kvöð er nú þægileg kvöldstund fyrir alla fjölskylduna og skilmerkilegt uppgjör á fjármálum síðasta árs. Yfir 90% framtala einstaklinga og fyrirtækja er skilað rafrænt. Rafræn bakvinnsla er í lykilhlutverki í hagkvæmri og öruggri vinnslu skattkerfisins. Í 80 – 90% tilvika er enginn pappír notaður fyrr en að prentun álagningarseðilsins kemur og þeim sem óska er sendur rafrænn skattseðill.”

Á myndinni má sjá marga þeirra starfsmanna, sem borið hafa hitann og þungann af þeirri rafrænu byltingu sem orðið hefur í skattkerfinu á undanförunum árum. Myndin var tekin sama dag og bikarinn var á leið úr húsi.

Ertu að hefja atvinnurekstur?

Á vegum ríkisskattstjóra eru haldin námskeið sem eru sérstaklega ætluð fyrir einstaklinga sem eru að hefja sjálfstæðan atvinnurekstur.

Á námskeiðunum er farið yfir hagnýt atriði sem varða skattskil einstaklinga með atvinnurekstur, svo sem **skráningarskyldu, launagreiðanda í staðgreiðslu, reiknað endurgjald, rekstrarkostnað, skattframtalið, reglur um tekjuskráningu og reikningaútgáfu**. Einnig er fjallað um virðisaukaskatt, útskatt og innskatt, skattskyldu, undanþágur, skattverð o.þ.h.

Næsta námskeið verður haldið þann 26. maí nk.

Skráning og nánari upplýsingar á www.rsk.is

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI



www.skattur.is

nýr og aðgengilegur
þjónustuvefur skattstjóra



Rafræn umsókn um skattkort

Hér er farið yfir á vef ríkisskattstjóra

Innritunarsvæði

Verisign sér um dulkóðunina



**Hinn 1. mars síðastliðinn opnaði
Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra
nýjan vef skattyfirvalda,
www.skattur.is.**

Álagning opinberra gjalda er á verksviði skattstjóra og því var talið rökrétt að framtalsskil gjaldenda væru á sérstökum vef skattstjóra sem nú hefur verið tekinn í notkun. Hér er um að ræða vef þar sem gjaldendur geta haft rafræn samskipti við skattstjóra í gegnum þjónustusiðu sem býður upp á margvíslega möguleika. Þar ber vitaskuld hæst árleg skil skattframtala en einnig munu gjaldendur geta sótt sér afrit skattframtala fyrri ára, ýmis konar vottorð tengd skattálagningu, pantað skattkort, sótt ýmis konar persónulegar upplýsingar svo sem um bifreiðaeign, fasteignir, stöðu opinberra gjalda og staðgreiðslu svo fátt eitt sé nefnt.

Hingað til hefur skattframtölum verið skilað á vef ríkisskattstjóra, www.rsk.is. Á undanförunum árum hefur sá vefur styrkst mjög og orðið einn af stærri upplýsingavefjum landsins, þar sem mikinn fróðleik og upplýsingar er að finna um skattamál og efni þeim tengd. Það er greiður samgangur á milli www.rsk.is og www.skattur.is en hinum síðarnefnda er ætlað að vera



Við opnun á skattur.is. Skúli Eggert kynnir breytta framsetningu vefsins og ýmsar nýjungar í kynningarmálum fyrir fundargestum en viðstaddir opnunina voru m.a. skattstjórar. Á myndinni eru auk Skúla þeir Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri og Gestur Steinþórsson skattstjóri í Reykjavík.

einvörðungu fyrir samskipti gjaldenda við skattstjóra. Ef gjaldandi þarfnast frekari upplýsinga eða á önnur erindi flyst hann sjálfkrafa yfir á vef ríkisskattstjóra.

Símapjónustan mikið notuð

Í ár var vefurinn www.skattur.is auglýstur sérstaklega, svo og framtalsfrestir og helstu atriði sem hafa þarf í huga við framtalsskil.

Þá var eins og síðustu ár svarþjónusta í sameiginlegu símanúmeri skattstjóra og ríkisskattstjóra sem gjaldendur gátu hringt

í meðan á framtalsgerð stóð. Þessi þjónusta var vel auglýst enda hafa símtöl þar sem framteljendur nýttu sér þessa framtalsaðstoð aldrei verið fleiri og mun meira álag var í kringum símsvörun en áður hefur þekkt. Við álagningu 2007 hafa mun fleiri gjaldendur verið fyrr á ferðinni með framtalsskil sín heldur en á síðustu árum. Án efa hefur aukin áritun upplýsinga á framtal, skýrari framsetning upplýsinga og breytt form á leiðbeiningum undanfarin ár haft þar mikið að

segja. Það er einnig líklegt að með aðgengilegra kynningarefni hafi skil batnað. Það er reyndar svo að með góðri framtalsþjónustu, hvernig sem hún birtist, eru líkur á að skil framtalsgagna séu betri og réttari en ella.



Spurt og svarað – ný þjónusta

Jafnframt því að auka símapjónustuna hefur verið tekin upp sú nýjung að bjóða upp á svarþjónustu í gegnum vefinn. Á skattur.is má senda inn fyrirspurn og er spurningum skipt upp í flokka, þ.e. vefframtal, veflykla, gagnaskil, rafræn skil staðgreiðslu, erlendis búsetta, tæknimál og annað. Aðgengileg og þægileg þjónusta.

Megineinkenni skattalöggjafarinnar

Megineinkenni skattalöggjafarinnar er þriðja og síðasta greinin í greinaflokki sem hefur birst í Tíund á undanförunum mánuðum. Um er að ræða stuttar greinar á sviði skattaréttar þar sem höfundur nálgast viðfangsefnið frá sjónarhorni réttarheimspekinnar. Í fyrstu greininni beindi höfundur sjónum sínum að hugtakinu „skattur“ og ýmsum skilgreiningum á sviði skattaréttar og í síðari grein varpaði höfundur ljósi á sögulega hlið skattalöggjafar á Íslandi. Að þessu sinni veltir hann upp kenningum um megineinkenni og eðli skattalöggjafar auk hugmynda manna um nauðsyn skattalaga.



Inngangur

Á nítjándu öld var skipuð fimm manna nefnd til að rannsaka skattamál landsins og koma fram með tillögur um endurbætur á þeim. Nefndin skilaði ítarlegri álitargerð á haustmánuðum árið 1846 og var hún sammála um að skattafyrirkomulag það, sem tíðkast hafði og rakið var í II. hluta í síðasta tbl. Tíundar, væri með öllu óhæft og ætti að afnema. Þess í stað ætti að taka upp einn skatt; landskatt. Hann væri byggður á betri undirstöðu og réttlátari grundvallarreglum en sá sem í gildi var.

Breytingar á skattamálum þjóðarinnar

Nefndin var þó ekki sammála um hvað ætti að gera til að tryggja réttláta skattlagningu. Meirihluti nefndarinnar vildi leggja skatt á alla eign, bæði fasta og lausa, en minnihlutinn vildi skattleggja jarðeignir. Ekki var komist lengra í þessari skipulagningu þó svo að nokkrar breyt-

ingar væru gerðar á skattalöggjöf landsins. Á næstu áratugum var oft vakið máls á mikilvægi þess að taka til í skattamálum landsins. Öðru hvoru bárust Alþingi bænaskrár um skattamálin. Millipínganefnd var sett á laggirnar haustið 1875 til þess að taka skattamálin til ítarlegrar skoðunar. Skilaði hún álitum um öll þau atriði sem þingið lagði fyrir hana til athugunar, auk þriggja frumvarpa. Hið fyrsta um skatt á jarðir og lausafé. Annað um tekjuskatt og hið síðasta um húsaskatt. Stjórnin lagði fyrir Alþingi árið 1877 þrjú

Það má segja að Íslendingar hafi verið seinir miðað við hinar Norðurlandabjóðirnar að uppfæra skattakerfið

skattalagafrumvörp sem byggð voru á þessum frumvörpum nefndarinnar. Þingið samþykkti þau og komu lögin til framkvæmda árið 1879.

Í kjölfar samþykktar Alþingis á skattalögum árið 1877 var skattaákvæði að finna í þremur lagabálkum: lögum um skatt á ábúð og afnot jarða og á lausafé, lögum um húsaskatt og lögum um tekjuskatt. Í

ábúðar- og lausafjármunaskattslögum var kveðið á um að skattur skyldi greiðast af öllum jarðeignum og lausafé sem fram var talið. Í lögnum var skýrt kveðið á um að engar undanþágur mætti veita, hvorki tilteknum stéttum né eignum. Á þessum tíma var því komin skýr regla um jafnræði borgara í skattheimtu hér á landi. Húsaskattur nam 1,5% af virði fasteigna, en skatturinn var hugsaður sem eignarskattur, enda var leyft að draga þinglýstar veðskuldir frá virði fasteignanna.

Tekjuskatturinn var hins vegar helsta nýjungin af lagabálkunum þremur. Skyldi hann nema 1 - 4% af atvinnutekjum manna sem námu yfir 1000 kr., en stighækkandi prósentutölu lauk við 7000 kr. Með þessum lögum var því kveðið á um „skattleysismörk“ og einskonar hátekjuskatt, því allir skattaðilar sem höfðu tekjur yfir 7000 kr. greiddu hámarks skattprósentu til hins opinbera. Hugtakið skattur var þó ekki jafn víðtækt og það er nú því að af lögnum frá 1877 má dæma að tekjuskattur hafi aðeins verið lagður á fólk sem stundaði verslun eða iðngreinar.

Að sama skapi varð skattheimta almennari, því að áður fyrr var það mun algengara að heilu stéttirnar væru undanþegnar greiðslu á skatti. Í kjölfar skattabreytinganna árið 1877 var stöðugt unnið að umbótum á íslenskri skattalöggjöf en gagngerar breytingar urðu þó ekki á tekjuskattslögnum fyrr en á árinu 1917. Ný tekjuskattslög voru einnig sett á árinu 1921. Frá þessum tíma hafa íslensk stjórnvöld leitast við að hafa

löggjöfina ítarlega en jafnframt aðgengilega fyrir skattgreiðendur. Það má segja að Íslendingar hafi verið seinir miðað við hinar Norðurlandabjóðirnar að uppfæra skattakerfið þannig að það væri nútímalegt. Ástæðu fyrir því má rekja til þess að bændasamfélag hélst lengur hér en í nágrannalöndunum. Það var ekki fyrr en upp úr miðri síðustu öld sem hægt var að

tala um nútímalega skattalöggjöf þar sem að löggjöfin var ekki að meginhluta sniðin að bændum og sjómönnum.

Eðli skattalöggjafar

Skattalöggjöfin sætir fjölmörgum breytingum á ári hverju. Skattlagning er einn mikilvægasti þátturinn í stefnumótun efnahagsmála á hverjum tíma og ráðast atriði líkt og hæð skattprósentu og skipting á skattbyrði, af stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Stjórnmalaflokkar hafa jafnan ólíka sýn á skattamál og þannig er talið líklegt að hægri stjórn lækki skatta og dragi úr umsvifum hins opinbera á meðan vinstri stjórnir auki við félagslega samhjálp með auknum opinberum styrkjum, hafi tilhneigingu til að auka skattbyrði og jafni tekjuskiptingu í samfélaginu.

Það er hefð fyrir því, bæði hérlandis og erlendis, að við skattheimtu eigi að ríkja sanngirni. Skattar eru lagðir á einstaklinga og lögaðila af nauðsyn. Skattar eru forsenda fyrir því að hið opinbera geti haldið uppi opinberri þjónustu en það eru stjórnarskrárvarin mannréttindi fólks að fá lágmarks framfærslu frá ríkinu. Þó svo að þessi nauðsyn sé fyrir hendi eru skattar réttlættir með mismunandi hætti

eins og nánar verður fjallað um. Þar skiptir réttlætið miklu máli. Grunnforsendur skattlagningar tengjast tveimur órjúfalegum hugtökum; réttlæti og nauðsyn. Höfundur gengur út frá því að hið efnislega réttaröryggi borgara sé ávallt virt. Það þýðir að skattaðilar geti treyst því að hið opinbera taki réttar ákvarðanir, eins og áður var getið.

Um nauðsyn skattalaga

Það verður seint deilt um mikilvægi þess fyrir samfélagið að þegnarnir gefi hluta af tekjum sínum til baka og stuðli þannig að velferð heildarinnar. Það hefur hins vegar verið deilt um skattaupphæð, tegund skatta og hvort að leyfilegt sé að mismuna fólki eftir því hvað það hefur miklar tekjur. Til þess að skoða það hvort skattar séu yfir höfuð nauðsynlegir þarf fyrst að velta því upp hver tilgangur lagasetningarinnar sé. Eru lögin ómissandi eða nauðsynleg? Eru þau nauðsynleg fyrir alla eða einungis einhverja sérstaka hópa eða stéttir?

Hafa ber í huga að skattur er ekki lagður á einstaklinga og lögaðila til refsingar. Skattur er lagður á af nauðsyn. Hið opinbera gæti ekki starfað hnökralaust ef ekki væri fyrir tekjulind þá sem skattlagning er.

Kenningar um nauðsyn skattalaga

Sumir telja að frelsi einstaklinga sé svo mikilvægt að hagsmunir þeirra gangi framar hagsmunum heildarinnar. Aðrir hallast að því að einstaklingum sé best borgið innan heildarinnar og því beri að gefa því gaum hvað sé henni fyrir bestu. Reglur sem fylgja fyrra sjónarmiðinu má telja að eigi við um frjáls samskipti manna. Reglur síðarnefndu kenningarinnar má kenna við einhliða valdboð. Skattalög eru sett af nauðsyn og eru þau einhliða valdboð löggjafarsamkomunnar um hvað skattgreiðendur eigi að bera mikinn kostnað af rekstri ríkisins. Það er siðferðisleg skylda manna að standa straum af þeirri þjónustu sem hið opinbera veitir þeim.

Hlutur laganna er ekki að svara því hvaða efnahagsstefnu stjórn landsins ætti að taka eða hafa skoðun á samskiptum manna. Lögin eiga að búa í hagin til að tiltekin siðferðisleg og pólitísk markmið náist. Þetta gerist með því að skilgreina þau gildi sem á að gera að veruleika og vísa veg til þeirra. Lögin eru afstæð og svara ekki nema að hluta hvað beri að gera. Lögin vísa mönnum veg til að fullnægja siðferðislegum skyldum sínum, líkt og að

greiða skatta. Sumir fræðimenn telja að frelsi sé nauðsynlegur þáttur í öllum samfélagshugmyndum, hvort heldur menn aðhyllast einstaklingshyggju eða heildarhyggju. Það sé hægt að halda því fram, að ætli menn sér að ná sameiginlegu markmiði, hvort sem það er í samkeppni eða samvinnu, verði það ekki gert nema á grundvelli laga. Fræðimenn eru nánast undantekningalaust sammála um að það sé nauðsynlegt að fjármagna þjónustu og framkvæmdir í almannabágu með skattlagningu.

Íþyngjandi löggjöf og borgararnir

„Ef yfirvöld bæru einungis fulla ábyrgð gagnvart þjóðinni, sem gæti vikið þeim frá án tafar, þá mætti veita þeim víðtækt vald, þar eð þjóðin sjálf réði beiningu þess.“

John Stuart Mill taldi í riti sínu Frelsið að í upphafi hafi mönnum stafað ógn af ofríki ríkisvalds og harðstjórn þeirra og að öllum almenningi stafi ógn af því enn. Hann leit svo á að það væri óumdeilanleg staðhæfing að það væri jafnbrýn forsenda farsæls mannlífs og varnir gegn harðstjórn, að setja rétti þeim er varðar afskipti af einstaklingum takmörk og verja þá ágangi. Hann taldi að það yrði

að setja siðareglur, annaðhvort með lögum eða með breyttu almenningssáliti, þegar aðstæður henta ekki til laga-setningar. „Mönnum virðast þær reglur, sem þeir fylgja sjálfir, liggja í augum uppi og þurfa engar réttlætningar annarrar við.“ Mill vildi kenna mætti „vanans“ um þessa sjálfsblekkingu manna. Hann vildi aukin-heldur mæla gegn því að athafnafrelsi manna væri skert, nema ríkir hagsmunir væru fyrir hendi. Hann var þeirrar skoð-

unar að með réttu mætti „neyða menn til að vinna ýmis verk öðrum til góðs, til dæmis að bera vitni fyrir dómi, eiga hóflegan hlut að vörnum lands síns eða öðrum sameiginlegum störfum, sem nauðsynleg eru því samfélagi, er menn njóta verndar hjá.“

Jafnvel hörðustu stuðningsmenn einstaklingsfrelsisins taka undir að það sé skynsamlegt að borgarar taki ábyrgð á velferð samfélagsins í heild með þátttöku í gjaldtöku í formi skatta. Hins vegar er eins og áður segir deilt um skattaupphæð, ráðstöfun ríkisvaldsins á skattfé borgaranna og tegundum skatta. Líkt og John Stuart Mill benti á, þá er vaninn mikilvægur þegar rætt er um álit almennings á

Jafnvel hörðustu stuðningsmenn einstaklingsfrelsisins taka undir að það sé skynsamlegt að borgarar taki ábyrgð á velferð samfélagsins í heild með þátttöku í gjaldtöku í formi skatta

tilteknum málum. Það er afar löng hefð fyrir því að Íslendingar greiði skatta, líkt og fjallað hefur verið um í greinunum tveimur sem á undan þessari komu og í gegnum tíðina höfum við með háttsemi okkar samþykkt gjaldtökuna.

Setja má þennan ráðahag í annað samhengi. Aðili sem óhlýðnast lögum, svo sem skattalögum, telur að það séu ríkar hagsmunir í húfi hjá sér að brjóta lög, en að fara eftir þeim. Slíkir lögbrjótar

eru oft fordæmdir vegna gjörða sinna og telja sumir að þeir séu með háttsemi sinni „að hefja sig yfir lögin“. Aðili sem fer að skattalögum greiðir réttan skatt á réttum tíma, réttum aðila. Hann kann að taka ákvörðun um hvort að hann hlýðir lög-unum á eftirfarandi forsendum: 1. Hann veit að lögin voru sett á lýðræðislegan hátt og eru því gild, 2. útreikningar skattayfirvalda voru réttir og 3. með því að greiða upphæðina sleppur viðkomandi við óþægindi og kostnað sem fylgir því að skulda hinu opinbera skatta. Hann treystir með öðrum orðum á hið efnislega réttaröryggi.

Réttlætingin á greiðslu skatta kann að virka augljós og einföld í augum nútíma-fólks en hafa ber í huga að ekki er ýkja langt síðan að samskipti ríkisvalds og borgara voru með allt öðrum hætti. Líkt og samantektin í síðustu grein gaf til kynna þarf ekki að fara margar aldir aftur í tímann til þess að finna skatta sem kynnu að vera taldir heldur ósanngjarnir, væru þeir lagðir á skattgreiðendur í dag.

Að lokum er áhugavert að bera saman réttlætingu skattgreiðandans hér að framan við örlög heimspekingsins Sókratesar í frægri sögu. Sókratesi var boðið að sleppa við dauðarefsingu, færi hann að tiltekn-

um lögum. Hann þáði boðið. Ákvörðun sína byggði hann á grundvelli þriggja ástæðna: 1. Hann samþykkti lögin, 2. hann var þakklátur fyrir lífgjöfina og 3. hann hafi með hlýðni sinni bjargað lífi sínu.

Blessunarlega þurfti skattgreiðandinn ekki að hræðast um líf sitt, líkt og Sókrates forðum daga. En liggja sömu sjónarmið til grundvallar ákvarðana beggja?




Rafrænar umsóknir um skattkort

Á undanförmum vikum hefur verið unnið að undirbúningi þess að unnt verði að sækja um skattkort með rafrænum hætti. Frá því seint í apríl má sækja rafrænt um skattkort á skattur.is og launamaður þarf því ekki að gera sér ferð á skattstofu til að skila inn umsókn. Þegar upplýsingar um skattkort eru skoðaðar kemur í ljós að 315.000 skattkort hafa verið gefin út frá því að staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp hérlandis fyrir tæpum 20 árum. Framan af voru gefin út innan við 10.000 skattkort á ári en síðustu ár hefur útgefn-um skattkortum fjölgað jafnt og þétt og á árinu 2006 voru yfir 36.000 skattkort gefin út. Í ljósi þess hve útgefnum skattkortum hefur fjölgað mikið er þýðingarmikið að leita leiða til að auðvelda gjaldendum að nálgast skattkortin. Slíkt verður best gert með því að taka upp sjálfsafgreiðslu í umsóknarferlinu. Eftir að umsókn um skattkort hefur verið útfyllt á vef skattstjóra mun skattkort

verða sent í pósti heim til hlutaðeigandi gjaldanda eða annars sem lagt er til að taki við skattkortinu. Þannig verður með rafrænu umsóknarferli sjálfsafgreiðsla gjaldenda enn aukin frá því sem verið hefur og ferðum á skattstofur er fækkað.

Með hinu rafræna ferli gefst skattstjóra ennfremur betra tóm til að yfirfara umsókn og kanna forsendur hennar. Umsóknarferlið verður einfalt og mun leiða umsækjandann áfram eftir því sem aðstæður hans krefjast.



Fjöldi útgefna skattkorta

- flækjur í framtalsgerð



**JÓN ÁSGEIR
TRYGGVASON**
viðskiptafræðingur

Á eyðublaðið voru árituð nöfn og kennitölur hlutafélaga sem skiluðu hlutafjármiðum til skattstjóra. Ef greiddur var arður af hlutabréfunum var arðurinn áritaður og einnig staðgreiðslan. Framteljendur þurftu nú að færa inn kaupverð þeirra hlutabréfa sem þeir áttu í ársbyrjun 2006 þar sem upplýsingar um það liggja í mörgum tilvikum ekki fyrir í gögnum skattstjóra á rafrænu formi. Oft eru þó mörg ár liðin frá hlutabréfakaupum og upplýsingar um kaupverð finnast ekki. Í þeim tilvikum gátu framteljendur fært inn 9999 sem kaupár og 0 í reit fyrir kaupverð. Hægt verður að færa inn kaupár og kaupverð á næsta ári. Eftir því sem lengra líður frá kaupum dregur úr líkum á því að fólk finni gögn um kaupin á hlutabréfunum. Því er það von skattyfirvalda að þeir sem ekki höfðu tök á því að

[illegible][illegible]

Bifreiðahlunnindi aðgengileg á rsk.is

Bifreiðaskrá
2007

Skattmat í staðgreiðslu
Bifreiðahlunnandi

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRN


Kopierungsplan für K14

Stunde (von - bis) | Lernzeit (von - bis) | Lernzeit (minutensumme) | Verfügbare Zeit

Stunde (von - bis)	Lernzeit (von - bis)	Lernzeit (minutensumme)	Verfügbare Zeit
2004	20 - 25	5	1:00:00
2004	25 - 30	5	1:00:00
2004	30 - 35	5	1:00:00
2004	35 - 40	5	1:00:00
2004	40 - 45	5	1:00:00
2004	45 - 50	5	1:00:00
2004	50 - 55	5	1:00:00
2004	55 - 60	5	1:00:00
2004	60 - 65	5	1:00:00
2004	65 - 70	5	1:00:00
2004	70 - 75	5	1:00:00
2004	75 - 80	5	1:00:00
2004	80 - 85	5	1:00:00
2004	85 - 90	5	1:00:00
2004	90 - 95	5	1:00:00
2004	95 - 100	5	1:00:00
2004	100 - 105	5	1:00:00
2004	105 - 110	5	1:00:00
2004	110 - 115	5	1:00:00
2004	115 - 120	5	1:00:00
2004	120 - 125	5	1:00:00
2004	125 - 130	5	1:00:00
2004	130 - 135	5	1:00:00
2004	135 - 140	5	1:00:00
2004	140 - 145	5	1:00:00
2004	145 - 150	5	1:00:00
2004	150 - 155	5	1:00:00
2004	155 - 160	5	1:00:00
2004	160 - 165	5	1:00:00
2004	165 - 170	5	1:00:00
2004	170 - 175	5	1:00:00
2004	175 - 180	5	1:00:00
2004	180 - 185	5	1:00:00
2004	185 - 190	5	1:00:00
2004	190 - 195	5	1:00:00
2004	195 - 200	5	1:00:00
2004	200 - 205	5	1:00:00
2004	205 - 210	5	1:00:00
2004	210 - 215	5	1:00:00
2004	215 - 220	5	1:00:00
2004	220 - 225	5	1:00:00
2004	225 - 230	5	1:00:00
2004	230 - 235	5	1:00:00
2004	235 - 240	5	1:00:00
2004	240 - 245	5	1:00:00
2004	245 - 250	5	1:00:00
2004	250 - 255	5	1:00:00
2004	255 - 260	5	1:00:00
2004	260 - 265	5	1:00:00
2004	265 - 270	5	1:00:00
2004	270 - 275	5	1:00:00
2004	275 - 280	5	1:00:00
2004	280 - 285	5	1:00:00
2004	285 - 290	5	1:00:00
2004	290 - 295	5	1:00:00
2004	295 - 300	5	1:00:00
2004	300 - 305	5	1:00:00
2004	305 - 310	5	1:00:00
2004	310 - 315	5	1:00:00
2004	315 - 320	5	1:00:00
2004	320 - 325	5	1:00:00
2004	325 - 330	5	1:00:00
2004	330 - 335	5	1:00:00
2004	335 - 340	5	1:00:00
2004	340 - 345	5	1:00:00
2004	345 - 350	5	1:00:00
2004	350 - 355	5	1:00:00
2004	355 - 360	5	1:00:00
2004	360 - 365	5	1:00:00
2004	365 - 370	5	1:00:00
2004	370 - 375	5	1:00:00
2004	375 - 380	5	1:00:00
2004	380 - 385	5	1:00:00
2004	385 - 390	5	1:00:00
2004	390 - 395	5	1:00:00
2004	395 - 400	5	1:00:00
2004	400 - 405	5	1:00:00
2004	405 - 410	5	1:00:00
2004	410 - 415	5	1:00:00
2004	415 - 420	5	1:00:00
2004	420 - 425	5	1:00:00
2004	425 - 430	5	1:00:00
2004	430 - 435	5	1:00:00
2004	435 - 440	5	1:00:00
2004	440 - 445	5	1:00:00
2004	445 - 450	5	1:00:00
2004	450 - 455	5	1:00:00
2004	455 - 460	5	1:00:00
2004	460 - 465	5	1:00:00
2004	465 - 470	5	1:00:00
2004	470 - 475	5	1:00:00
2004	475 - 480	5	1:00:00
2004	480 - 485	5	1:00:00
2004	485 - 490	5	1:00:00
2004	490 - 495	5	1:00:00
2004	495 - 500	5	1:00:00
2004	500 - 505	5	1:00:00
2004	505 - 510	5	1:00:00
2004	510 - 515	5	1:00:00
2004	515 - 520	5	1:00:00
2004	520 - 525	5	1:00:00
2004	525 - 530	5	1:00:00
2004	530 - 535	5	1:00:00
2004	535 - 540	5	1:00:00
2004	540 - 545	5	1:00:00
2004	545 - 550	5	1:00:00
2004	550 - 555	5	1:00:00
2004	555 - 560	5	1:00:00
2004	560 - 565	5	1:00:00
2004	565 - 570	5	1:00:00
2004	570 - 575	5	1:00:00
2004	575 - 580	5	1:00:00
2004	580 - 585	5	1:00:00
2004	585 - 590	5	1:00:00
2004	590 - 595	5	1:00:00
2004	595 - 600	5	1:00:00
2004	600 - 605	5	1:00:00
2004	605 - 610	5	1:00:00
2004	610 - 615	5	1:00:00
2004	615 - 620	5	1:00:00
2004	620 - 625	5	1:00:00
2004	625 - 630	5	1:00:00
2004	630 - 635	5	1:00:00
2004	635 - 640	5	1:00:00
2004	640 - 645	5	1:00:00
2004	645 - 650	5	1:00:00
2004	650 - 655	5	1:00:00
2004	655 - 660	5	1:00:00
2004	660 - 665	5	1:00:00
2004	665 - 670	5	1:00:00
2004	670 - 675	5	1:00:00
2004	675 - 680	5	1:00:00
2004	680 - 685	5	1:00:00
2004	685 - 690	5	1:00:00
2004	690 - 695	5	1:00:00
2004	695 - 700	5	1:00:00
2004	700 - 705	5	1:00:00
2004	705 - 710	5	1:00:00
2004	710 - 715	5	1:00:00
2004	715 - 720	5	1:00:00
2004	720 - 725	5	1:00:00
2004	725 - 730	5	1:00:00
2004	730 - 735	5	1:00:00
2004	735 - 740	5	1:00:00
2004	740 - 745	5	1:00:00
2004	745 - 750	5	1:00:00
2004	750 - 755	5	1:00:00
2004	755 - 760	5	1:00:00
2004	760 - 765	5	1:00:00
2004	765 - 770	5	1:00:00
2004	770 - 775	5	1:00:00
2004	775 - 780	5	1:00:00
2004	780 - 785	5	1:00:00
2004	785 - 790	5	1:00:00
2004	790 - 795	5	1:00:00
2004	795 - 800	5	1:00:00
2004	800 - 805	5	1:00:00
2004	805 - 810	5	1:00:00
2004	810 - 815	5	1:00:00
2004	815 - 820	5	1:00:00
2004	820 - 825	5	1:00:00
2004	825 - 830	5	1:00:00
2004	830 - 835	5	1:00:00
2004	835 - 840	5	1:00:00
2004	840 - 845	5	1:00:00
2004	845 - 850	5	1:00:00
2004	850 - 855	5	1:00:00
2004	855 - 860	5	1:00:00
2004	860 - 865	5	1:00:00
2004	865 - 870	5	1:00:00
2004	870 - 875	5	1:00:00
2004	875 - 880	5	1:00:00
2004	880 - 885	5	1:00:00
2004	885 - 890	5	1:00:00
2004	890 - 895	5	1:00:00
2004	895 - 900	5	1:00:00
2004	900 - 905	5	1:00:00
2004	905 - 910	5	1:00:00
2004	910 - 915	5	1:00:00
2004	915 - 920	5	1:00:00
2004	920 - 925	5	1:00:00
2004	925 - 930	5	1:00:00
2004	930 - 935	5	1:00:00
2004	935 - 940	5	1:00:00
2004	940 - 945	5	1:00:00
2004	945 - 950	5	1:00:00
2004	950 - 955	5	1:00:00
2004	955 - 960	5	1:00:00
2004	960 - 965	5	1:00:00
2004	965 - 970	5	1:00:00
2004	970 - 975	5	1:00:00
2004	975 - 980	5	1:00:00
2004	980 - 985	5	1:00:00
2004	985 - 990	5	1:00:00
2004	990 - 995	5	1:00:00
2004	995 - 1000	5	1:00:00

Ríkisskattstjóri tók nýlega þátt í sýningunni **Tækni og vit 2007** en það er sýning sem hefur það að markmiði að kynna þróun í tækni- og upplýsingaiðnaðinum hér á landi. Skattyfirvöld hafa verið mjög framarlega í rafrænni stjórnsýslu og hefur þróun skattframtals og skattskila verið ótrúlega hröð á því sviði.

Á sýningunni voru gefin út **rafræn skilríki**, sem hluti af samstarfsverkefni fjármálaráðuneytis og bankanna. Framlag ríkisskattstjóra var að gera þjónustusiður á **www.skattur.is** aðgengilegar með rafrænum skilríkjum. Við upphaf sýningarinnar voru undirritaðir samningar við Landsbankann, Kaupþing og sparisjóðina vegna sendinga viðskiptavina á skattyfirlitum úr vefböndum, en samsvarandi samningur var undirritaður við Glitni fyrir ári síðan.



Jens Þór Svansson, Guðni Björnsson og Ásgeir Heimir Guðmundsson

Hagræðing og endurskipulagning - nýtt þróunarsvið tekur til starfa hjá ríkisskattstjóra

Hinn 1. janúar 2007 var stofnað þróunarsvið innan RSK. Starfsemi þessa nýja sviðs verður í byrjun einkum fólgin í ýmsum hagræðingarverkefnum. Til að mynda liggur nú fyrir ákvörðun yfirstjórnar RSK um að taka upp verkþéttu yfir þau störf sem verið er að vinna hjá embættinu, en það felur í sér að allir starfsmenn skrái unninn tíma á fyrirfram skilgreind meginverkefni. Tilgangur þessa er að afla upplýsinga um hversu langan tíma taki að vinna hina ýmsu verkþætti með það fyrir augum að meta hvernig og með hvaða hætti unnt verði í framtíðinni að hagræða og hafa stjórn á vissum kostnaðarliðum. Kostnaðargreining á verkþáttum er einnig mikilvægur liður í því að tryggja betri meðferð fjármuna sem stofnuninni eru

úthlutaðir samkvæmt fjárlögum með það fyrir augum að endurskipuleggja í hagræðingarskyni þau störf sem unnin eru hjá embættinu. Þá verða verkferlar einnig yfirfarnir og kannað hvort þeir séu fullnægjandi og í því skyni verður farið yfir þau verkefni sem embættið hefur með höndum samkvæmt lögum eða hefur tekist á hendur með öðrum hætti svo sem með samningum eða öðrum ákvörðunum. Reynist þeir ekki fullnægjandi verða þeir endurbættir eða endurskoðaðir í samstarfi við hlutaðeigandi einingar eftir því sem þörf er á. Sömuleiðis verða skráðir verkferlar fyrir þær einingar þar sem á skortir að þeir séu til staðar. Jafnframt verður það hluti af verkefnum þróunarsviðs að meta ýmis störf með það

fyrir augum að einfalda þau eða jafnvel skoða hvort ástæða geti verið til að hverfa alveg frá þeim og leitast þannig við að tryggja betri nýtingu mannafla stofnunarinnar. Í þessu sambandi er hugað að gæðastöðlum og kannað hvort unnt sé að innleiða gæðastjórnunarkerfi og þá með hvaða hætti. Loks er það mikilvæga verkefni þróunarsviðs RSK að meta líklega þróun starfa innan embættisins, gera úttekt á skipulagi RSK með það fyrir augum að tryggja skilvirkni og skýrar boðleiðir og gera tillögum um breytingar sé talin þörf á þeim.

Úrskurðir og dómar



JÓN INGI
INGIBERGSSON

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 113/2006

Virðisaukaskattur - Uppgjör - Leiðréttingarkvöð - Skattverð

Kærandi, sem var einkahlutafélag, seldi allan verslunarrekstur sinn, ásamt viðskiptavild, vörumerkjum, vörulager og fasteign til annars einkahlutafélags í verslunarrekstri. Skattstjóri felldi kæranda af grunnskrá virðisaukaskatts og áætlaði honum virðisaukaskattsskylda veltu á þeim grundvelli að telja bæri innréttingar, verslunaráhöld og önnur áhöld og bifreið til skattskyldrar veltu á því tímabili er starfsemi lýkur, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988. Innréttingarnar og áhöldin fylgdu ekki með við sölu kæranda á verslunarrekstrinum en voru notuð af kaupandanum án endurgjalds.

Yfirkattaneftnd féllst á úrskurð skattstjóra utan ákvörðunar um skattverð. Niðurstaða nefndarinnar var sú að mat skattstjóra á skattverði innréttinga og áhalda hafi verið langt um skör fram en skattstjóri hafði miðað við tæplega 62% hærra verð en bókfært verð. Hvað mat á verði bifreiðarinnar varðar þá taldi nefndin að skattstjóri hafi ekki skotið viðhlítandi stoðum undir það matsverð er hann ákvarðaði. Nefndin lækkaði áætlun skattstjóra.

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 120/2006

Rekstrargjöld - Innskattur - Málsmeðferð - Staðarleg valdmörk

Kærandi flutti lögheimili sitt frá umdæmi B til umdæmis A á miðju ári. Skattstjóri A-umdæmis gerði breytingar á opinberum

gjöldum og virðisaukaskatti kæranda. Kærandi hélt því fram að skattstjóri B-umdæmis hefði áður kannað réttmæti umræddra viðskipta og meðal annars skoðað sömu gögn án athugasemda og skattstjórinn í A-umdæmi byggði úrskurð sinn á.

Yfirkattaneftnd taldi að með tilliti til staðarlegra valdmarka þætti ekki varhugavert að byggja á því að skattstjórinn í A-umdæmi hafi verið valdbær til greindra breytinga á innskatti, enda yrði ekki talið að skattstjóri hefði tekið aðra efnislega afstöðu til virðisaukaskatts kæranda umrætt uppgjörstímabil en leiddi af breytingu hans á almennum skattskilum félagsins, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988.

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 141/2006

Reiknað endurgjald - Ráðgjafarstarfsemi - Stjórnarseta

Skattstjóri færði kæranda til tekna sem launatekjur verktakagreiðslur til einkahlutafélags í hans eigu frá tilgreindum félögum vegna starfa kæranda í þágu þeirra en um var að ræða stjórnarsetu og ráðgjafarþjónustu. Vísaði skattstjóri til lögboðinna starfsskyldna stjórnarmanna í einkahlutafélögum og hlutafélögum og til 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003. Skattstjóri vísaði einnig til þess að einkahlutafélagið í eigu kæranda hefði átt mikið uppsafnað rekstrartap til frádráttar tekjum. Þá ákvarðaði skattstjóri kæranda reiknað endurgjald vegna greiðslna frá banka til félagsins en félagið/kærandi hafði veitt bankanum ráðgjöf við kaup á hlutabréfum. Kærandi bar því við að hann hafi ekki átt eignarhluti í umræddum félögum og því hafi skattstjóri byggt niðurstöðu sína á röngum forsendum. Varðandi reiknað endurgjald féllst kærandi á niðurstöðu skattstjóra en taldi áætlun um skör fram.

Yfirkattaneftnd taldi að líta bæri á

umrædda ráðgjöf kæranda sem þátt í störfum hans sem stjórnarmaður í félögunum. Ekki yrði séð að um sérgreind verkefni hafi verið að ræða. Þá sagði nefndin að það gæti ekki haft þýðingu varðandi niðurstöðuna hvernig stjórnarseta kæranda í einstökum félögum var tilkomin, sbr. 39. gr. laga nr. 138/1994 og 63. gr. laga nr. 2/1995. Kröfum kæranda var því hafnað. Varðandi reiknað endurgjald kæranda taldi nefndin að skattstjóri hefði ekki rannsakað málið með fullnægjandi hætti og ómerkti.

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 148/2006

Launatekjur - Afhending á hlutabréfum - Skipti á hlutabréfum - Álagsbeiting

Ágreiningur málsins varðaði þá ákvörðun ríkisskattstjóra að færa kæranda sem var forstjóri R hf., S hf. og T hf. til skattskyldra tekna í framtali 2000 kr. 4.112.600 vegna hlutabréfa í R hf. sem voru afhent kæranda sem endurgjald fyrir störf hans hjá félaginu og kr. 20.049.947 vegna skipta kæranda á hlutabréfum í R hf. fyrir hlutabréf í T hf.

Málavextir voru annars vegar þeir að með samningi öðlaðist kærandi rétt til 1,5% hlutafjár í R hf. án greiðslu og var hlutafé félagsins aukið til samræmis. Yfirkattaneftnd var sammála ríkisskattstjóra um að telja bæri umrædda afhendingu til skattskyldra tekna og að miða við gangverð hlutabréfanna. Hins vegar var fallist á varakröfu kæranda um að miða tekjuviðbót við bókfært verð eigin fjár félagsins í árslok 1998, þ.e. að ekki bæri að miða við óendurskoðað árshlutauppgjör 31. ágúst 1999.

Hins vegar varðaði málið þann þátt í ráðningarsamningi kæranda og R hf. er gerði ráð fyrir skiptum á hlutabréfum kæranda í R hf. fyrir hlutabréf í T hf. Af hálfu skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra var talið einsýnt að 1,23%



hlutur kæranda í T hf. hefði verið mun verðmætari en samsvarandi eignarhlutur í R hf. Var það meðal annars byggt á upplýsingum um eigið fé og markaðsverðmæti. Í úrskurði yfirkattaneftndar voru tímamörk viðskiptanna talin óumdeild. Einnig var talið ágreiningslaust að hlutabréfaviðskiptin hafi verið liður í starfskjörum kæranda sem forstjóra T hf. Því bæri að telja fjárhagslegan ávinning af viðskiptunum til skattskyldra tekna hjá kæranda. Kærandi gerði kröfu um frestun á tekjufærslu söluhagnaðar hlutabréfa í R hf. og ráðstöfun söluhagnaðar til niðurfærslu á kaupverði hlutabréfa í T hf., sbr. ákvæði þágildandi 7. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981. Nefndin féllst ekki á þessa kröfu með þeim rökstuðningi að ákvörðun ríkisskattstjóra hafi verið byggð á því að um skattskyldar launatekjur kæranda hafi verið að ræða samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Ekki hafi því verið um að ræða tekjufærslu á söluhagnaði samkvæmt 8. tölul. C-liðar sömu lagageinar.

Í málinu var einnig deilt um álag en yfirkattaneftnd taldi að þótt rétt hefði verið og í samræmi við vandaða stjórn-sýsluhætti að greina frá ákvörðun umrædds álags og fjárhæð þess í úrskurði ríkisskattstjóra um endurákvörðun, eða

eftir atvikum á skattbreytingaseðlum með úrskurðinum, yrði ekki talið að sá hnökri á ákvörðun ríkisskattstjóra gæti leitt til niðurfellingar álags.

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 150/2006

Söluhagnaður hlutabréfa - Tímamark sölu - Frestun söluhagnaðar

Með úrskurði ríkisskattstjóra var felldur niður í skattframtali kæranda árið 1999 söluhagnaður hlutabréfa vegna sölu hans á hlutabréfum í R hf. til erlends félags, S Ltd. Ríkisskattstjóri taldi sölu hlutabréfanna hafa átt sér stað á árinu 1999, en ekki á árinu 1998. Þá gerði ríkisskattstjóri þær breytingar að lækka aðrar skammtímakröfur og hækka eignarhluti í öðrum félögum. Eins mat ríkisskattstjóri svo að umrædd hlutabréfaviðskipti teldust til óvenjulegra viðskipta í skilningi nágildandi ákvæðis 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, söluverðið hefði verið langt undir markaðsverðmæti. Í úrskurðinum var fallist á ósk kæranda um að söluhagnaðurinn yrði færður til lækkunar kaupverði og að tekjufærslu á eftirstöðvum söluhagnaðarinn yrði frestað um tvönn áramót. Kærandi hélt því fram að hann hafi á árinu 1998 tekið ákvörðun um yfirfærslu eigna, þ.m.t. óbeinum eign-

arhluta sínum í R hf. vegna eignarhalds ákæranda, til S Ltd. Það var mat yfirkattaneftndar að ákvörðun á tímamarki hinnar umdeildu sölu bæri að miða við það tímamark þegar bindandi samningur var gerður um sölu hlutabréfanna og fjárhæð kaupverðs bréfanna var ákveðin. Þá var ekki fallist á kröfu kæranda um að ríkisskattstjóra hafi borið að byggja ákvörðun sína á nágildandi ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, enda væri ekki um að ræða viðskipti af þeim toga sem umrætt ákvæði tekur til. Þá þótti nefndinni ekki ástæða til að hrófla við mati ríkisskattstjóra á markaðsverðmæti hinna seldu hlutabréfa í R hf. enda hefðu ekki komið fram sérstakar athugasemdir af hálfu kæranda við það mat. Fallist var á varakröfu kæranda um að fresta hluta skattskylds söluhagnaðar árið 1999, þ.e. aðeins þann hluta sem kærandi gat nýtt til að færa kaupverð annarra hlutabréfa eða hlutafjár niður um.

Úrskurður yfirkattaneftndar nr. 173/2006

Sjómannaafláttur - Reiknað endurgjald

Kærandi taldi sig eiga rétt á sjómannaafslætti 365 daga ársins 2002 enda hefðu landanir verið 44, áætlaðir 3 beitningar-dagar fyrir hverja löndun og 25 landanir

Hvað les skattavölvur úr skattstofnum?

Í byrjun árs hafa menn mikinn áhuga á hvað stjörnuspekin segir um komandi ár, hvað völvurnar segja um ástandið í þjóðfélaginu o.s.frv. Blöðin keppast við að birta spár og viðtöl við völvur og stjörnuspekinga. Það má lesa spár um allt mögulegt og ómögulegt úr ólíkustu hlutum svo það hlýtur að mega spá í skattstofna eins og hvað annað. Skyldi vera munur á tekjum fólks eftir því í hvaða stjörnumerki það er fætt? Því ekki það, samkvæmt stjörnuspekinni er talið að ákveðnir eiginleikar einstaklinga fari eftir afstöðu himintunglanna þegar þeir fæðast.

Þó að nokkuð sé liðið á árið þá má svo sem kíkja aðeins á nokkrar tölur úr síðustu álagningum og sjá hvað lesa má úr þeim.

Ef við skoðum síðustu tíu ár kemur í ljós að Vatnsberarnir eru oftast með hæstu meðaltekjurnar þó ekki sé mikill munur á þeim og Vogunum. Ef við „googlum“ á nokkra stjörnuvefi til að leita




skýringa á þessu kemur í ljós að í báðum tilfellum er um að ræða úthverf loftmerki ef það segir einhverjum

eitthvað. Að öðru leyti verður ekki fundið neitt afgerandi sem þessi merki eiga sameiginlegt og eftir lýsingum á Vatnsberanum vekur það nokkra furðu að hann skuli vera hæstur. Ein lýsing á Vatnsberanum, svona í léttari kantinum, er að hann sé sérvitur og skrytinn og alltaf langt á undan samtímanum. Hann sé í raun týndur á skýi í háloftunum og peningar skipti hann engu máli.

Sennilegasta skýringin á því hvers

vegna Vatnsberinn er oftast með hæstu tekjurnar er að þessi sveimhugi þarna í háloftunum gleymi oftast að telja fram og fái glæsilega áætlun ár eftir ár. Honum er létt sama og nýtur þess að baða sig í sviðsljósinu sem hæsti skattgreiðandinn á meðan á því stendur. Sennilega greiðir hann svo aldrei neitt og innheimtan neyðist til afskrifa allt saman.

Meyjan er hins vegar með áberandi lægstu tekjurnar. Hún er andstæðan við Vatnsberann og Vogina, hún er innhverft jarðarmerki, iðin og vill hafa öryggi umfram allt. Ef við skoðum lýsingu á sömu léttu nótnum þá er Meyjunni lýst sem leiðinlegri, hún sé



Þessar súlur sýna hvernig meðaltekjur karla á Íslandi skiptast eftir því í hvaða stjörnumerki þeir eru fæddir. Vatnsberar og Vogir hafa mestar tekjur en Meyjarnar bera lang minnst úr býtum. Lesendur geta svo fundið sína súlu og séð hvernig þeir standa sig í tekjuöfluninni miðað við aðra í dýraringnum.

sífelld að kvarta og gagnrýna, sé afskiptasöm, smámunasöm og taki aldrei áhættu.

Þetta er vitaskuld nokkuð augljós skýring á hvers vegna þessi týpa er sú tekjulægsta. Hún er fyrst á netið til að telja fram og liggur yfir framtalinu og tíundar alla frádráttarliði, kærir og sækir um ívilnun og passar vel upp á bæturnar sínar. Hún hefur líka lag á að pirra kerfið þangað til það hreinlega gefst upp og fellir nánast niður skattana.





Í árslok voru samþykkt lög um barnabætur þar sem aldursviðmiðun barna sem bætur eru greiddar fyrir er hækkuð úr 16 árum í 18. Lögum um ákvörðun barnabóta var ekki breytt að öðru leyti og það er líka óbreytt að börnin verða sjálfstæðir framteljendur þegar 16 ára aldri er náð. Breytingin kemur til framkvæmda við álagningu barnabóta samkvæmt framtali 2007.

Nýlega voru samþykkt lög á Alþingi þar sem skattlagning kaupskipaútgærða er gerð sambærileg við það sem gildir í nágrannalöndum okkar. Jafnframt var samþykkt tvenns konar ríkisaðstoð við kaupskipaútgærðir. Annars vegar ríkisaðstoð sem felur í sér að útgærðarfélög sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi í skilningi tekjuskattslaga og skráð hafa kaupskip sín á íslenska alþjóðlega skipaskrá eigi kost á að velja milli tekjuskatts á hagnað og skatts sem ræðst af flutningsrými kaupskipaflotans (tonnaskatts). Hins vegar aðstoð sem felst í fjáframlögum sem svara til 90% tekjuskatts og útsvars af launum áhafna.

Annir voru á skattstofum í framtalsfresti vegna útlendinga sem leituðu aðstoðar, en eins og kunnugt er hafa margir af erlendu bergi brotnir ráðið sig til starfa hér á landi á síðustu árum. Þar sem útilokað er að þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geti stautað sig fram úr íslenska framtalinu var gerð einfölduð útgáfa af framtalinu og hún þýdd á nokkur erlend tungumál.

Til að kynna þessa nýjung var launagreiðendum send orðsending og framtalsskil þessara einstaklinga útskýrð og því jafnframt beint til launagreiðenda að þeir upplýstu sína starfsmenn sem best. Þó að margir hafi þurft að leita aðstoðar var greinilegt að margir launagreiðendur lögðu sig fram við að aðstoða og jafnvel annast framtalsskil sinna starfsmanna.

Nú bjóða Landsbankinn, Glitnir og sparisjóðirnir viðskiptamönnum sínum að skila virðisaukaskatti um vefbanka, en Glitnir og sparisjóðirnir bjóða einnig upp á að skila staðgreiðslu með þeim hætti. Þessi skilamáti hentar sérstaklega vel fyrir einyrkja og þá sem hafa fáa launþega. Þetta er mjög aðgengilegt en til þess að unnt sé að skila þarf einungis að hafa veflykla eins og almennt gildir um rafræn skil.

Í framtalsfresti er hægt að hringja í þjónustusíma skattýfirvalda og fá aðstoð ef á þarf að halda. Þessari þjónustu hefur verið mjög vel tekið og er mikið notuð enda hefur hún eflaust átt sinn þátt í því að fleiri skila rafrænt en áður. Áberandi er að flestar spurningarnar í ár snéru að veflyklum og framtalsfresti en það má kannski segja að það séu í raun óþarfa símtöl því það er auðvelt að finna góðar skýringar á þessum atriðum á ask.is.

Nú geta launamenn á auðveldan hátt fylgst með að staðið sé reglulega skil á afdreginni staðgreiðslu þeirra af launum. Þetta má gera á þjónustusiðunni www.skattur.is, undir liðnum almennt. Að jafnaði er hægt að sækja þessar upplýsingar um það bil tveimur mánuðum eftir útborgun launa.

Þeim fjölgar stöðugt sem kjósa að skila virðisaukaskatti rafrænt og í dag er tæpur helmingur skráðra aðila kominn í rafræn skil. Á síðustu mánuðum hefur möguleika á rafrænum skilum verið bætt inn í ýmis bókhaldskerfi en með því er unnt að senda virðisaukaskattskýrsluna beint úr fjárhagsbókhaldinu til skattstjóra.

Þá hefur sú nýjung verið tekin upp að á www.skattur.is hefur verið opnað fyrir rafræna móttöku á leiðréttingum á virðisaukaskattskýrslum sem þegar hefur verið skilað með rafrænum hætti til skattstjóra. Þannig má senda leiðréttingar á virðisaukaskattskýrslum fyrir nýjasta uppgjörstímabilið. Hægt er að skila leiðréttingu á skýrslu í allt að 30 daga eftir gjalddaga tímabilsins en þó ekki ef skattstjóri hefur tekið afstöðu til fyrri skýrslu t.d. með því að skattbreyta henni eða samþykkja inneign.

Skilin á framtölum einstaklinga til og með síðasta skiladegi eru um 10% meiri en á sama tíma í fyrra og höfðu um 134.000 manns skilað þann 30. mars. Mjög hefur dregið úr útsendingu áritaðs pappírsframtals frá fyrra ári og voru fáir sem nýttu sér þann möguleika að fá áritað framtal sent heim til sín, eða u.þ.b. 1.400 manns þann 30. mars. Þá var eftirspurn eftir prentuðum leiðbeiningum lítil umfram það sem sent var með pappírsframtölum.

Um 20.000 manns höfðu þann 30. mars nýtt sér þann möguleika að panta veflykil á vefnum. Þar af kaus meirihlutinn eða 12.000 manns að nýta sér þann nýja möguleika að fá veflykilinn sendan í vefbanka en sá veflykill er varanlegur og hægt að nálgast hann í vefbankanum næstu sjö ár.

■ Skatthlutfall staðgreiðslu	35,72%
■ Tekjuskattur	22,75%
■ Útsvar	12,97%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af launum umfram kr. 100.745	6,00%
■ Af vöxtum og arði	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2007	1.080.067

■ í einn mánuð	kr.	32.150
■ í hálfan mánuð	kr.	16.075
■ í 14 daga	kr.	14.798
■ í eina viku	kr.	7.399
■ Sjómannaafsláttur á dag.....	kr.	834

■ Hljón/sambúðarfolk		
- með fyrsta barni	kr.	139.647
- með börnum umfram eitt	kr.	166.226
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr.	56.096
■ Einstæðir foreldrar		
- með fyrsta barni	kr.	232.591
- með börnum umfram eitt	kr.	238.592
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt		
og yngri en 7 ára	kr.	56.096

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómannna	0,65%

Kílómetragjald,
skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2006

Kílómetragjald, gildir frá 1.12. 2006

■ Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr.	68
---	-----	----

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,
skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 10/2006

Gildir frá 1. nóvember 2006

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	15.100
Fyrir gistingu í eina nótt	8.700
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.200

Dagpeningar erlendis,
skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 6/2006

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	170	113	109	72
■ Flokkur 2	SDR	149	100	96	64
■ Flokkur 3	SDR	136	90	87	58
■ Flokkur 4	SDR	117	78	75	50

■ Almenn skattþrep	24,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Athugið breytt skatthlutföll í virðisaukaskatti

- nýr leiðbeiningabæklingur er kominn út

Leiðbeiningar um

virðisaukaskatt



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI